

VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR

RITPING

2. APRÍL 2005



VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR

Þann 2. apríl 2005 sat Vilborg Dagbjartsdóttir fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur og í hlutverki spyrja voru þau Guðbergur Bergsson rithöfundur og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur. Um upplestur sáu þau Viðar Eggertsson leikstjóri og Steinunn Ólafsdóttir leikari.

Dagný:

Í fyrri hluta dagskrárinnar leggjum við áherslu á líf og list Vilborgar en í seinni hlutanum beinist öll athygli okkar að ljóðum hennar. Við munum spyrja hana um ýmislegt sem við viljum vita og ræða. Ykkur, kæru áheyrendur, verður síðan í lokin gefinn kostur á að spyrja hana að því sem ykkur listir að heyra. Við skulum þá byrja á því að skoða nokkrar myndir, Vilborg, úr þínu persónulega myndaalbúmi.

En fyrst ætlar Steinunn að lesa brot úr ljóðinu „Kyndilmessa“.

Með ljós í hendi geng ég um húsið.

Allt er á sínum stað:

myndin af Lúther

myndin af Lenín

myndin af Maó

og gamla myndin af mömmu

í fermingarfötunum
sem eru orðin of lítil
ermarnar rétta spönn
fram fyrir olnbogann
peysan of stutt í mittið
aftur á móti er slífsið
þeirra tíma nýjasta tízka
breitt með löngu kögri
endarnir sneiddir í odd
ég veit að það er ljósblátt
þótt það virðist hvítt á myndinni
eins og slífsið
sem yngri systir hennar fékk
en mömmu langaði svo til að eiga
(í þá daga fengu menn ekki
það sem þá langaði til að eiga)
hárinu er skipt í miðju
og túperað í stórar búklur
aftur yfir eyrun
þykkar jarpar fléttur
ná í beltisstað
myndin er byrjuð að fölna
hægt máist þessi elskaða mynd út
uns hún hverfur
ég ætti að vefja hana inn í svart silki
og loka hana niðri í kassa
þar sem birtan nær ekki að tæra hana
geyma hana í læstu hólf
geyma geyma geyma

ó gamlar myndir
í dimmum hugarfylgsnum
ljós hef ég kveikt
ljós í hverju skoti
ljós í leyndustu sálarkimum

með ljós í hendi geng ég um húsið.

Líf og list Vilborgar

Dagný:

Þakka þér fyrir, Steinunn. Jæja, Vilborg, hér sjáum við myndir af mömmu þinni.

Vilborg:

Já, þetta er móðir mín. Á fyrri myndinni er hún 16 ára gömul vinnukona á Fáskrúðsfirði en á þeirri sem við sjáum nú er hún komin til Seyðisfjarðar. Þar var hún reyndar vinnukona í Pálshúsi, hjá kaupmanni nokkrum, og hún saumaði sjálf þessi fallegu föt sem hún er í. Hún er rétt tvítug og á því ári, 1916, gifti hún sig.

Dagný:

Á næstu mynd sjáum við móður þína og ömmu.

Vilborg:

Já, þetta er Guðríður Pálsdóttir, amma mín, og myndin er tekin á Seyðisfirði. Amma var ákaflega dugleg kona. Mamma var aðeins sex ára gömul þegar faðir hennar, Jón Þorleifsson í Efra-Skálateigi, dó úr lungnabólgu og hún var elst af fimm börnum. Þegar hreppsnefndarfundurinn var, þetta var árið 1900, þá var amma búin að fara gangandi yfir Oddsskarð á Eskifjörð til þess að fá leyfi sýslumanns til að halda heimilið og að Hólmum í Reyðarfirði, því þetta var kirkjufjörð, Efri-Skálateigur. Hún slengdi þá þessum leyfisbréfum á borðið og ól sín börn upp ein og sjálf.

Dagný:

Átti að splundra fjölskyldunni?

Vilborg:

Það var gert í þá daga. Steinn Steinarr var nú nokkrum árum yngri en mamma og þú veist hvernig farið var með hans fólk.

Dagný:

Og hverjir eru á þessari mynd?

Vilborg:

Þetta er fjölskylda föður míns: Oddný Ólafsdóttir, sem fædd var í

Berjanesi undir Eyjafjöllum, og Guðmundur Einarsson, afi minn. Þau komu bæði frá Vestmannaeyjum til Seyðisfjarðar en pabbi fæddist á Vestdalseyrinni. Þau voru að vísu ekki gift þá; amma kom á eftir honum afa því henni lá á að giftast. Þau giftust eftir að pabbi fæddist og hann vildi líta svo á að hann væri alls ekkert lausaleiksbarn; hann væri bara elsta barnið í fjölskyldunni. En honum var samt soldið mein að því að þau giftust ekki fyrr en eftir að hann fæddist. Hann er þarna aftast, glaðlegur á svipinn, 15 ára gamall; þetta er aldamótaárið. Og svo eru systkini hans þarna, Einar, Elsa, Árni, Guðrún, Vilborg, Júlíana og Oktavía. Þetta eru systkini föður míns.

Dagný:

Og hér eru þau saman foreldrar þínir?

Vilborg:

Hérna eru hjónin Dagbjartur og Ellen Dína. Myndin er tekin þegar þau eru nýgift og móðir mín er örllítið tærð í andliti; hún þurfti á því að halda að gifta sig. Pabbi vildi ekki gifta sig eftir á. Þetta er fínasta húsið á Vestdalseyrinni, Gránufélagshúsið. Þegar faðir minn fæddist, árið 1886, árið eftir snjóflóðið mikla þegar stór hluti af Öldunni sópaðist út á haf og yfir 20 manns fórust, þá var Vestdalseyri stærsti byggðarkjarninn á Seyðisfirði. Þar var kirkjan, skólinn og glæsilegt verslunarhús Gránufélagsins með mörgum pakkhúsum og langri hafskipabryggju. Þar voru vagnar, sem gengu á spori, og það voru mörg hús og fínar götur úti á Vestdalseyri. Nú er ekkert eftir. Þið hafið séð rústina af Gránu í myndinni eftir sögunni hennar Vigdísar Grímsdóttur, *Kaldaljósi*. Þar er hún Álfrún, nornin sjálf, að hengja upp þvott í grunninum af Gránufélagshúsinu. Það stendur ekki steinn yfir steini úti á Vestdalseyri; hún var alveg lögð í rúst.

Dagný:

Hér er eitt fallest ljóð sem Viðar ætlar að lesa fyrir okkur. Það heitir „Móðurmál“.

*Orð hafa merkingu
skýrt afmarkaða
hlutlæga merkingu.*

*Tökum til dæmis orðið tjörn:
Fyrir mér sé ég tjörnina heima
á Gránubalanum.
Um hásumar
í sólskini
sóleyjar glitra á bökkunum
og við krakkarnir
hlaupandi
að veiða hunangsflugur
í litla rósótta
tandurhreina vasaklúta.*

*Ellegar um vetur
og við öll
að renna okkur
á sleðum.*

*Nú er þessi tjörn löngu horfin
því Bretarnir fylltu hana upp
til þess að fá
betri fótboltavöll
úr balanum
samt sé ég allar aðrar tjarnir
í samanburði við hana.*

Orðið tjörn hefur merkingu.

Dagný:

Hér er hús sem er þér kært.

Vilborg:

Þetta er Hjallahúsið. Eins og það er þarna þá er þetta tvílyft timburhús. Faðir minn byggði það 1930 því gamla húsið var allt of lítið og lélegt. Og þarna átti ég heima. Dagbjartur og Ellen Dína bjuggu þarna þangað til allir voru farnir. Við vorum síðasta fjölskyldan; það voru aðeins tveir einsetumenn sem voru aðeins lengur en við á Vestdalseyrinni. En árið 1957 fluttum við inn í bæ og þá fór Vestdalseyrin í eyði. Við vorum seinasta fjölskyldufólkið sem flutti. Þið sjáið þarna garðinn. Bróðir minn,

Pórir, situr þarna á hlaðhorninu. Það voru blómagarðar við hvert hús á Vestdalseyri; það var meira að segja ræktað mynta í sumum görðum og alls kyns blóm og mikið af grænmeti sem kom til af því að á 18. öldinni var danskur sýslumaður á Vestdalseyrinni. Hann bjó þar í flottu húsi, ræktaði mikið og kenndi fólkinu í kring að rækta, þannig að það var mikið ræktað af grænmeti og fögrum jurtum.

Dagný:

Þið voruð tólf systkinin og þetta eru bræður þínir?

Vilborg:

Þetta eru tveir bræður mínir, Guðjón og Jóhann. Þeir eru í útprjónuðum sokkum, hvítum. Móðir mín var ákaflega myndarleg. Það er gatasumaður kraginn á blússunni hans Jóa og Guðjón er í svona finni matrósablússu. Þetta hefur hún allt saumað sjálf, uppslögin og allt; hún var ákaflega myndarleg. Og þarna eru stelpurnar: Sæunn var fimm árum eldri en ég, Guðný, elsta systir mín, Oddný, sem var frænka mín, svo Elsa sitjandi og svo Sigrún; hún er enn nokkuð hress, 88 ára. Hún býr í Neskaupstað en var áður bóndi í Seldal.

Dagný:

Fyrsta ljóðabókin þín er helguð minningu þriggja systra og næsta ljóðabók er helguð minningu þriggja bræðra. Berkclarir komu á Vestdalseyri og tóku þrjár systur þínar.

Vilborg:

Já, það voru Guðný, Elsa og Sæunn; þær dóu allar sama árið, 1941. Jóhann var ákaflega mikið veikur en honum batnaði. Hann drukknaði svo þegar hann fór á fyrstu vertíðina eftir að hann hafði fengið heilsu og var reyndar landmaður. Jóhann hét í höfuðið á móðurbróður sínum, sem drukknaði með Jóni forseta, og móðir mín var ákaflega hrædd um að hann færi líka í sjóinn vegna þess að fólk var sérstaklega varað við því að gefa börnum nöfn þeirra sem höfðu drukknað því þeir kölluðu þau til sín. Og eins og stóð í fornsögunum: „Menn eiga að gefa börnum sínum nöfn eftir þeim sem hafa lifað vel og lengi“. En Jóhann, bróðir minn, fór einn róður og kom ekki aftur.

Á Vestdalseyri þykir mér fríðast

Dagný:

Gengu systkini þín í skóla á Vestdalseyri?

Vilborg:

Já, það var fín skóli og kennari sem hét Kristjana. Það var aldrei sagt kennslukona, það var bara talað um kennslukonur í þýddum barnabókum. Og það var góður skóli á Vestdalseyri, sérstakt skólahús.

Dagný:

En hann var lagður niður þegar þú áttir að fara í skóla?

Vilborg:

Já, það var árið sem ég varð sjö ára en þá var skólinn tekinn af okkur. Það kom sér nú vel fyrir Bretana sem komu nokkru seinna því offiserarnir bjuggu í skólanum okkar en kennarinn var látinn fara að vinna. Þeim fannst ekki borga sig að hafa skóla úti á Vestdalseyri. En það var enginn styrkur veittur í þá daga til fólks til að það kæmist í skóla og það var meiripart vetrar ófært undir Bjólfi vegna snjóflóða og skriðuhættu. Það er löng leið utan að Vestdalseyri eins og Þorsteinn Erlingsson sagði í frægri grein: „Á Vestdalseyri þykir mér fríðast en þar er yfir öræfi að fara“. Og á Vestdalseyri þar bjuggu Íslendingarnir; þar töluðu menn hvorki dönsku, norsku eða ensku eða frönsku eins og þeir gerðu niðri í bæ, heldur íslensku.

Soffía Auður:

Má ég spyrja þig, Vilborg, voru ekki líka jólasveinarnir frá Vestdalseyri?

Vilborg:

Jú, það er nú þannig að ég á land þarna, part af túninu hans afa. Bankinn átti landið undir húsinu; pabbi minn átti húsið. En afi minn átti tún og það erfðum við. Túnið liggur að Vestdalsánni, er ákaflega fallett, soldið bratt, hluti af því. Og á Alþingishátíðarárinu þá var gerður, ég held það hafi verið Bing og Grøndahl frekar en Den Kongelige, jóla-platti sem var helgaður Íslandi vegna Alþingishátíðarinnar og Ísland var þá mikið inni í myndinni. Og þar koma jólasveinarnir í röð, einn og átta, gangandi meðfram Vestdalsánni niður túnið hans afa. Þannig að þetta er sjálft jólalandið.

Dagný:

Við skulum heyra ljóð, ljóðið „Á Vestdalseyri“, sem Viðar ætlar að lesa fyrir okkur.

Tómlegt varð á Eyrinni

*þegar fjölskyldurnar
hver af annarri
fluttu burt*

*sumar yfir fjörðinn
aðrar til Reykjavíkur
húsin stóðu eftir.*

*Gluggarnir fylltust myrkri
hliðin brotnuðu
arfinn lagði undir sig kartöflugarðana.*

Tómlegt varð á Eyrinni.

*Stundum mátti á haustkvöldi
greina gamalkunn hróp
sem bar handan yfir í kyrrðinni*

krakkarnir voru þar í boltaleik [...]

Dagný:

Þetta er afskaplega fallegt ljóð um þessa veröld sem var og minnir mann á hernumin lönd eða eitthvað svoleiðis því það er ekki bara land bernskunnar sem þið misstuð heldur var þorpið lagt í eyði eins og þú sagðir. Húsin voru jöfnuð við jörðu og bygðir brunnarnir og Vestdalseyri, eins og hún var, þurrkuð út. En áður en það gerðist varstu farin að heiman. Þú fórst í skóla til Neskaupstaðar. Þarna sjáum við þig, Vilborg, í hópi glaðra stelpna. Hva! Sést í brókina á þér þarna?

Vilborg:

Nei, þetta er fallegur ljósgrænn kjóll með rósum! Og ég er í fínum satínskólaslopp sem var í tísku þá. Og þetta eru tvær vinkonur mínar;

Anna Klöru, sem var besta vinkona mín, situr þarna til hægri og þetta er Nonni í Þórsmörk, sem situr á milli okkar, og svo er Magga, systir Nonna.

Dagný:

En eru þær líka í skólasloppum?

Vilborg:

Nei, þær eru það nú ekki en það var mikil tíska þarna og það var engin almennileg stúlka nema hún ætti fallegan skólaslopp. Og þegar ég kom til Norðfjarðar, 12 ára gömul, var frænka mín sett í að sauma mér svona fallegan svartan satínslopp með vösum og ermum og svo fékk maður svona lastings-smokka til að hlífa ermum; þetta var tíska í þá daga. Þetta var þægilegur búningur og fallegur.

Dagný:

Þetta eru mjög flottar skvísur og hérna ert þú 18 ára.

Vilborg:

Nei, nei, ég er 15 ára, það voru teknar myndir af okkur öllum í skólanum. Hann Björn Björnsson ljósmyndari, sem bjó á Norðfirði, tók þessa mynd.

Dagný:

Svo liggur leiðin suður til Reykjavíkur í Kennaraskóla Íslands og hér er útskriftarmyndin þín frá 1952.

Vilborg:

Já, ég sit við hliðina á honum Freysteini. Ég kom síðar á skrifstofuna til hans; ég var að hugsa um að taka utanskólastúdentspróf af því við máttum ekki fara í Háskólann. Háskóli Íslands tók ekki við kennarameimum; það var ógurlega ófínt að vera „cand. seminarist“. Það var hlegið að okkur ef við vorum með húfu. Það var ekki litið á okkur sem stúdenta; við vorum bara væntanlegir barnakennarar. Við vorum seinasti bekkurinn í gamla Kennaraskólanum. Freysteinn hafði hengt þessa mynd á vegg hjá sér og sýndi mér myndina og sagði: „Og þarna situr þú við hliðina á mér“. Mér þótti ákaflega vænt um Freystein. Hann var mjög góður skólamaður, góður skólustjóri, ákaflega hlýr og hann

kenndi okkur öll árin. Hann kenndi okkur íslensku sérstaklega. Hann var mikill og góður íslenskukennari og við vorum duglegur bekkur. Og það var eftir svolítill tími þegar pensúmið var búíð og við máttum velja okkur ljóð sem hann færir í með okkur og hann var afskaplega þakk-látur þegar við völdum „Sólarljóð“ en hann var nú búinn að leggja vel inn fyrir því að það væri skynsamlegt að velja það.

Dagný:

En hver er þetta?

Vilborg:

Já, ég fór í leiklistarskóla og þarna er ég í *Tyrkja-Guddu*.

Dagný:

Þú varst ekki Tyrkja-Gudda?

Vilborg:

Nei, ég var statisti í *Tyrkja-Guddu*, fór með mörg hlutverk og fékk að æpa ógurlega þegar ræningjarnir komu því ég var konan hans Klemensar. Við vorum í helli og hann var tekinn og ég æpti alveg óskaplega þegar hann var drepinn. En þetta er í barbaríinu þegar við erum að læra kadikismus í Kaupmannahöfn og þess vegna er ég svona fín þarna.

Dagný:

Og glöð yfir að heyra guðspjallið?

Vilborg:

Já, við skemmtum okkur mjög vel því það voru mikil hlutverk fyrir statista; við bárum uppi heilar senur í þessu leikriti. *Tyrkja-Gudda* var eftir Jakob Jónsson og var leikin í Þjóðleikhúsinu. En Lárus notaði leiknema sína sem statista og leit á það sem kennslu og við höfðum skírteini og máttum fara á allar æfingar og sýningar í Þjóðleikhúsinu, ókeypis, væri pláss fyrir okkur og við notuðum það óspart.

Dagný:

Langaði þig ekki til að verða leikkona?

Vilborg:

Sko, Lárus sagði þrisvar sinnum við mig: „Vilborg mín, svona gerir leik-

kona ekki“. Seinasta skiptið var þegar ég gleymdi að koma á aðalæfingu. Þannig var að ég lék ambátt sem móðir Hallgríms sýndi syni sínum til þess að hann yrði afhuga Guddu og ég hlykkjaðist svona um í gagnsæjum silkibrókum, ógurlega fin með beran nafla, og þetta var mjög glæsilegt. Stelpurnar öfunduðu mig af þessu og voru voða fegnar þegar ég varð mér til skammar og sögðu: „Nú drepur Lárus þig; að minnsta kosti rekur hann þig“. Svo þegar tíminn var að byrja hjá honum þá kallaði Lárus mig upp á svið og sagði: „Vilborg, af hverju komst þú ekki á aðalæfingu?“ Mér datt ekkert í hug og sagði: „Ég gleymdi því“. Það fór andvarp yfir en Lárus stökk upp á sviðið og tók utan um mig og hló svo mikið að hann gat ekki talað. Svo sagði hann: „Vilborg mín, leikkona gleymir ekki aðalæfingu og, ef þú manst það, þá veit ég að það verður gaman fyrir þig að taka þátt í frumsýningunni.“

Guðbergur:

En þú hefnir þín á leikurum seinna vegna þess að það var mjög fræg setning höfð eftir þér og hún var svona: „Leikarar hafa litla sál!“

Vilborg:

Ekki man ég eftir þessu, Guðbergur, þú hefur skáldað þetta upp!

Dagný:

Hvaða tískudrós er þetta?

Vilborg:

Þessi mynd er tekin í London 1953. Ég er þarna á gangi á götu í London. Ég fór þangað, meðal annars langaði mig alveg óskaplega til þess að sjá Richard Burton í eigin persónu og ég sá hann á Old Vick og Claire Bloom og Sir John Gielgud og fleiri. Og ég fór í Tate Gallery og ég fór í Royal Festival Hall að hlusta á Eileen Joyce spila og fleira. Ég var í rúma viku; fór með lest til London frá „Edinburgh!“

Dagný:

Þar varstu vinnukona, var það ekki?

Vilborg:

Jú, ég var þar í húsi og að læra ensku líka. Ég var í Gillespie's College að læra ensku. Þetta var enginn diplómakúrs en þetta var ágætur kúrs og það var góð kona sem kenndi okkur. Það kom ítölsk dama á

námskeiðið sem ætlaði að fara að byrja nýtt líf. Hún hafði skilið við manninn sinn og kom á þetta námskeið til þess að mennta sig. Hún var svo óskaplega reið yfir hvað við vorum á lágu plani að hún gekk út og það skullu hælarnir í gólfið þegar hún sagðist ekki hafa vænst þess að lenda með Skandinöfum og Kínverjum; þannig byrjaði maður ekki nýtt líf. Og kennarinn okkar, sem var afskaplega yndisleg dama, eldroðnaði og spurði hvort okkur fyndist hún vera að kenna okkur einhverja skoska ensku. Við sögðum einum rómi að þótt það væri skosk enska þá hljómaði hún betur heldur en drottingarenska fyrir okkur. Og við áttum öll þann draum sameiginlegan að fara til London að sjá *The Mouse Trap*. Það var okkar stóri draumur í lífinu og þessi ítalska dama mátti bara eiga sig.

Dagný:

Já, hún hefur ekki viljað byrja nýtt líf með ykkur. En hins vegar þá kynntist þú ýmsum skáldum og listamönnum þarna í Skotlandi eftir að þú braust út úr vinnumenskunni.

Vilborg:

Já, ég var þarna í heilt ár. Þetta var engin vinnumenska; ég var svona „nanny“ eða „mother’s help“ og húsbóndi minn var „bank director of Commercial Bank of Scotland“ þannig að þetta var svona. Og þau tóku mig með í öll ferðalög og fóru með mig um allt Skotland. Það var alveg óskaplega gaman að vera þarna, alveg geysilega gaman.

Dagný:

Við skulum hlusta á eitt ljóð sem hún Steinunn ætlar að lesa fyrir okkur, „Maríuljóð“.

*Nú breiðir María ullina sína hvítu
á himininn stóra.
María sem á svo mjúkan vönd
að hirta með englabörnin smáu.*

*Það hrundu fáein blóm
úr vendinum hennar í vor;
þau vaxa síðan við hliðið
ljómandi falleg og blá.*

*Fuglinn sem á hreiður við lækinn
í hlíðinni sunnan við bæinn
er kallaður eftir henni.
Það er Maríuerla.*

*Þegar ég verð stór
og ræ á sjó með þabba,
gef ég henni Maríu
fyrsta fiskinn minn.*

*Í kirkjunni er mynd af Maríu
með gull utanum hárið.
Mamma segir að það sé vegna þess
að María á dreng svo undur góðan.*

Kvenlegt kver

Dagný:

Þetta er fyrri drengurinn þinn, Egill.

Vilborg:

Þetta er nú engin Maríumynd; ég hugsa að þetta sé stúlka frá Seyðisfirði. Það er nefnilega fræg saga af ungum sveitastrák sem sá mynd í kirkju og þegar hann kom til baka sagði hann: „Það var mynd af svo falletgri konu að hún hefur áreiðanlega verið frá Seyðisfirði!“

Dagný:

Þarna fæðist fyrsta barnið þitt og skömmu seinna kemur út fyrsta ljóðabókin þín, *Laufið á trjánum*, árið 1960.

Vilborg:

Ég sá sjálf um útlitið og hönnunina og ég kunni ekkert í svoleiðis.

Dagný:

Þetta er ákaflega falletgt. Þetta er klippimynd, er það ekki?

Vilborg:

Jú, ég var svo hrifin af trjánum í Skotlandi. Ég var alltaf að gera klippi-myndir.

Dagný:

Eins og H. C. Andersen.

Vilborg:

Já, ég hef líka reynt að klippa eins og H. C. Andersen. Ég hef alla tíð haft mikið dálæti á Hans Christian.

Dagný:

Hvernig dóma fékk *Laufið á trjánum*?

Vilborg:

Sko, á þessum tíma var það siður að maður átti að safna áskrifendum. Mál og menning eða Heimskringla lét nafnið sitt á bókina og síðan þegar hún var tilbúin þá sagði Kristinn: „Þú verður bara að selja hana sjálf.“ Og mér fannst voða leiðinlegt að ég seldi hana ekki neitt; ég á ennþá dálítið af henni. En það var skrifað um hana samt og Jón úr Vör sagði að þetta væri ákaflega fagurt og „kvenlegt lítið kver“, svona ilmandi, en það var nú bara siður að tala svona um konur í þá daga enda kannski engin skömm að því að vera kvenlegur.

Dagný:

Við komum kannski aftur að því seinna en hér er ungur kennari með nemendur sína. Þú lítur nú ekki út fyrir að vera mikið eldri en þau á þessari mynd?

Vilborg:

Ég var þarna í kjól sem var kallaður Mópeys. Þetta var svona prjónakjól sem ég keypti á Skólavörðustígnum hjá Imbu Guddu, voða fallegur fannst mér; ég var alltaf í þessum kjól. Og þarna er bekkurinn minn; þau höfðu verið að teikna á töfluna. Þessi mynd þótti til skammar. Það voru nefnilega alltaf teknar myndir af bekkjum og geymdar og ég var skömmuð afskaplega fyrir það að hlæja mest af krökkunum og svo voru svona skrípamyndir á bak við og skökk landakort. Þetta þótti ekki flott mynd. En þetta var skemmtilegt.

Dagný:

Hér ertu með annan bekk en í þetta skipti ertu í Prag?

Vilborg:

Já, þetta er 1960, þá fór ég til Prag á vegum Tékknesk-íslenska félagsins með hóp unglinga sem fór í frumkvöðlabúðir í Tékkóslóvakíu. Við ferðuðumst mikið og vorum í hér um bil tvo mánuði. Þetta var mikil ferð og þarna eru þeir unglingar sem ég fór með. Það eru sumir úr þessum hópi þekkt fólk í dag, til dæmis Þórhallur Sigurðsson leikstjóri. Þetta var afskaplega glæsilegur hópur og skemmtilegur. Ég fór nú oftast með Íslendingahópa í svona ferðir en þessi hópur skaraði fram úr. Þó voru þetta bara krakkar sem voru valdir af handahófi. Það stjórnaðist af þeim foreldrum sem vildu leyfa börnunum sínum að fara; það voru aðallega fáeinir kommar.

Dagný:

En þetta var svolítið söguleg ferð vegna þess að í henni kynntist þú ungum manni.

Vilborg:

Já, ég hafði nú séð hann áður. Ég sá hann fyrst þegar hann var 12 ára og ég 15 ára. Þá kom hann til Norðfjarðar; hann kom inn í Valdabúð og þá sá ég hann. Þá sagði Haukur Valda, sem var í mínum bekk: „Vippa, þarna er nýr strákur handa þér!“ Þetta var nú sagt við mig, svona strax. En Þorgeir hitti ég á götu í Prag. Við Helena Kadeckova vorum á gangi og vorum að tala saman. Hann heyrði að það var töluð íslenska og gekk á eftir okkur og hlustaði á okkur. Svo leit Helena við og þekkti hann náttúrulega og svo slóst hann í hópinn. Þarna er falleg mynd af Þorgeiri, svona kúnstnerísk. Hann tók mikið af ljósmyndum sjálfur og vinir hans voru kvikmyndagerðarmenn og ljósmyndarar.

Dagný:

Þessa mynd tók hann af þér.

Vilborg:

Já, þessi mynd er tekin líklega 1965.

Dagný:

Og svo 1968 kemur út bók númer tvö, *Dverggliljur*. Bókarkápan er alhvít, engin klippimynd. Vildir þú hafa hana svona?

Vilborg:

Nú sá ég ekkert um umbrotið eða neitt, það var Ragnar í Smára. Ég man að Einar Bragi sagði við mig: „Þið eruð alltaf svo lítillátar konurnar; þú segir *Dverglliljur*. Þið notið alltaf eitthvað sem er smækkað. Þú átt að vera stolt og bera höfuðið hátt og hreykja þér svolítið.” Því Einar Bragi hélt alltaf mjög fram rétti kvenna og hafði mikinn áhuga á því að þær fengu brautargengi og birti mikið eftir konur í *Birtingi*.

Dagný:

Mig langar að biðja Viðar að lesa fyrir okkur ljóð sem heitir „Hver getur ort?“

Þið spyrjið: Hvers vegna yrkir þú ekki um gleðina?

Reynirinn hefur brumað.

Prestirnir eru farnir að syngja.

Vorið kom í gær.

Hvers vegna yrkir þú ekki um gleðina?

En hver getur ort um gleðina

meðan erlendir hermenn hlæja fyrir utan

og ungar mæður kveða á framandi tungu við börn sín?

Hver getur ort um gleðina

- og land hans selt fyrir peninga?

Dagný:

Á sjöunda áratugnum voruð þið virk í pólitískri baráttu, bæði þú og Þorgeir. Og hvað sjáum við á þessari mynd?

Vilborg:

Þetta er ég með Ragnari Stefánssyni eða Ragnari skjálfta, eins og hann er nú kallaður, í Reykjavíkurgöngu. Það var gengið um Reykjavík og stoppað á ýmsum stöðum og ég flutti þarna ræðu. En svo uppi á Skólavörðuholti þá flutti Jóhannes úr Kötlum stórkostlega ræðu. En þegar hann byrjaði að tala þá voru andstæðingarnir búnir að sækja í sig veðrið og gátu klippt á rafmagnsleiðsluna í hljóðnemann svoleiðis að það heyrðist ekkert. Það var alltaf kapphlaup við þessa menn; þeim tókst oft að eyðileggja fundina og hleypa þeim upp.

Dagný:

Og hér er Keflavíkurganga?

Vilborg:

Já, þarna stend ég við hliðina á Oddnýju Guðmundsdóttur. Guðgeir Magnússon er þarna á bak við hana Oddnýju. Þarna eru Einar Laxness, Gunnar M. Magnúss, Eysteinn Þorvaldsson og Guðjón Bøðvar sem var mikill og skemmtilegur félagi í Fylkingunni og seinna í forystu hjá kennurum. Hann er nú dáinn.

Dagný:

Þetta var mikill gerjunartími og mikil listsköpun tengd herstöðvarand-stæðingum og þessari róttæku baráttu. *Kyndilmessa* kemur út 1971 og þar eru mörg pólitísk ljóð. Steinunn ætlar að flytja okkur eitt sem heitir „Óður til mánans“ og er úr fyrstu ljóðabók þinni, *Ljóðum*, frá 1981.

*Þegar ég er búin að vaska upp
þegar ég er búin að fara út með ruslið
þegar ég er búin að skúra eldhúsgólfíð
þegar ég er búin að bóna gangana
þegar ég er búin að ryksuga
þegar ég er búin að þurrka af
þegar ég er búin að þvo
þegar ég er búin
ætla ég út á svalir
að steyta skróbbinn
framan í mánann
þangað hefur engin kona
verið send með
KARKLÚTINN
ekki enn.*

Dagný:

Hvað sjáum við svo hér, Vilborg?

Vilborg:

Jú, þetta er ég í fína regnsláinu mínu að fara inn á karlklósettið niðri í Hljómskálagarði. Og þessa mynd tók hann Ari Kárason á *Þjóðviljanum* og með henni var smá grein sem ég skrifaði. Svoleiðis var að þarna var klósett fyrir karla og svo við hliðina á var klósett fyrir konur. Það

kostaði inn fyrir konur. Maður varð alltaf að hafa aur á sér ef maður þurfti að pissa eða ef börnin þurftu að pissa. En karlarnir gátu bara gengið inn ókeypis og pissað ef þeir þá bara ekki migu utan í vegg.

Guðbergur:

Þetta er ennþá í útlöndum af því að karlmenn pissa standandi en konur gera það ekki.

Vilborg:

Þeir sögðu þarna að það væri svo dýrt; það þyrfti alltaf kona að fara og strjúka af setunni til að hreinsa því þær settust niður en heldurðu að karlarnir hafi verið eitthvað hreinlegri en við?

Guðbergur:

Ég man að það var klósett fyrir karlmenn niðri í Hlaðvarpa og það stóð: „Ef sverð þitt er stutt, stígðu feti framar“ vegna þess að það fór alltaf eitthvað á gólfið!

Dagný:

Það ætti nú að skrifa bók, ef enginn hefur gert það nú þegar, um það sem stendur á hinum ýmsu klósettum. Maður gæti sagt nokkrar sögur af því.

En hér ertu í góðra vina hópi. Hér er Helena Kadeckova og nokkrar skáldkonur.

Vilborg:

Já, Helena var í heimsókn hér á landi og við fórum með henni á veitingahúsið Við Tjörnina, minnir mig. Og þarna eru Helena, Ingibjörg Haralds, Rannveig Ágústsdóttir og Steinunn Sigurðardóttir.

Dagný:

Og svo kemur bókin *Ljóð* árið 1981 þar sem safnað er saman fyrstu ljóðabókunum og nýjum ljóðum bætt við. Nú langar mig að biðja Viðar að lesa ljóðið „Nú haustar að“.

*Einhverja nóttina koma skógarprestirnir
að tína reyniber af trjánum*

áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.

Börn og bækur

Dagný:

Klukkan í turninum byrjar á kafla um börn sem þú þekktir og ortir um.
Hér ertu að kenna börnum í Austurbæjarskóla?

Vilborg:

Já, þetta eru Ellen, Ásta og Hrafn Jökull og þetta er í reikningstíma. Ég
hafði alltaf íslenskan fána á kennaraborðinu; ég var svo þjóðrækin.

Dagný:

Og hér ertu að segja börnum sögur. Eru þetta íslensk börn?

Vilborg:

Já, þetta er í Norræna húsinu.

Dagný:

Mig langar að biðja Steinunni að lesa fyrir okkur ljóð sem heitir „Sonur
flugfreyjunnar“ úr ljóðabókinni *Fiskar hafa enga rödd*.

*Hann grúfði sig yfir reikningsheftið
alveg niðursokkinn
tók ekki eftir neinu.
Ég beygði mig yfir hann
studdi ógnandi fingri
á flugvélinu
sem náði þvert yfir síðuna:
Eru þetta deilingardæmin?
Hann hallaði sér aftur
dró andann djúpt
lygndi augunum
og hvíslaði með sælusvip:
FIDJI – mamma notar líka það ilmvatn*

Dagný:

Hvað kenndirðu í mörg ár, Vilborg?

Vilborg:

Ég kenndi samtals í 46 ár. Eitt ár við Landakotsskóla og 45 ár óslitið í Austurbæjarskóla.

Dagný:

Hafðirðu gaman af að kenna?

Vilborg:

Já, alltaf; meira gaman eftir því sem ég varð eldri. Og það var svo ágætt að það var ennþá í samningum að þegar kennarar urðu eldri þá var fækkað tímum og þá gat maður lagt meiri rækt við kennsluna. Og þegar einsetningu var komið á í skólunum var alveg ótrúlegt hvað það hafði mikil og góð áhrif á starfið. Ég var oft lengur í skólanum en þeir sem voru með fulla tímasetningu en kennsla er þannig starf að það þarf svo mikinn tíma.

Guðbergur:

Síðan varstu sett á bókasafnið.

Vilborg:

Ég var um tíma á bókasafninu líka.

Dagný:

Og leiðbeindir þá börnunum um lestur?

Vilborg:

Nei, ég bara vann í bókasafninu af því það voru ekki til skólasafn-verðir. Ég fór að vísu í Háskólann og lærði svolítið í bókasafnsfræði. Það er mjög mikilvægt starf að koma upp góðu bókasafni. Svo fengum við mjög færán bókasafnsfræðing og safnið í Austurbæjarskóla er með betri skólasöfnum í landinu nú.

Dagný:

Fleiri börn hafa verið í kringum þig?

Vilborg:

Hér er Egill með dætur sínar, Þórunni og Vilborgu. Og hér er Þorgeir

Elís og Guðrún, hans kona, með sín börn, Berg og Eddu. En þetta eru gamlar myndir, ömmumyndir. Þau eru nú orðin fullorðin, Bergur og Edda; og Þórunn og Vilborg eru orðnar stórar stúlkur.

Dagný:

Hvaða bók er þetta?

Vilborg:

Þetta er pínulítill bók sem heitir *Ótta*. Það var þannig að hann Valdimar Tómasson ætlaði að gerast útgefandi. Hann var annars mjög fróður um gamlar bækur og fékk í hendur mjög góðan og fínan pappír. Hann ætlaði að gefa út - og gaf út - mjög fallett úrval af ljóðum Jóns Óskars en hann langaði til þess að æfa sig fyrst og fékk að velja sér úr elstu ljóðum mínum það sem hann langaði til og svo kölluðum við bókina *Óttu*, eftir einu ljóðanna. Og þetta var það fyrsta sem Valdimar gaf út; hann hefur gefið út margar bækur síðan. Hún var ekkert seld; hann notaði hana svona til að gefa vinum. En þetta er mjög fallett, svona lítið „kvenlegt hver“!

Þetta er falleg mynd sem mér þykir afskaplega vænt um. Hún er tekin í ráðherrabústaðnum. Og þetta eru Sigfús Daðason og Þorgeir og það er nú hending að þeir eru eiginlega eins klæddir og það liggur afskaplega vel á þeim köllunum. Þeir eru búnir að fá soldið koníak með kaffinu og þetta var mjög skemmtilegt boð. Atómskáldunum var boðið og þeim sem höfðu verið þar í víglínunni. Og ég hef ekki séð Sigfús og Þorgeir eins glaða á mynd og þarna.

Dagný:

Hérna eruð þið soldið glöð líka. Þetta er á 17. júní.

Vilborg:

Já, hann Karl Guðmundsson leikari sendi mér þessa mynd sem hann tók af því að honum fannst svo gaman að við byggjum í miðri hringiðunni. Þetta er eiginlega bara rétt neðan við húsdyrnar hjá okkur.

Dagný:

Hér er Þorgeir.

Vilborg:

Já, þetta eru þeir feðgar Þorgeir Elís og Þorgeir Þorgeirson og þessi

mynd er tekin seinasta árið sem Þorgeir lifði. Og þá var svo ánægjulegt að það var haldin, honum til heiðurs, mikil hátíð á Siglufirði. Örlygur Kristfinnsson safnstjóri gekkst fyrir því og þetta var alveg einstök hátíð. Eins konar afmælishátíð eða bara Þorgeirs-hátíð og hún stóð eiginlega í 12 tíma. Hann var að vísu kominn í hjólastól en gat notið þessarar hátíðar. Við fórum í bíl norður og Örlygur lánaði okkur gamla húsið sitt og það var alveg einstakt að Þorgeir skyldi fá að njóta þessa því það var nú ekki mikið gert af því að viðurkenna hann.

Dagný:

Nei, það hefði mátt vera meira. Nú langar mig að biðja Viðar að lesa „Í japönskum þönkum.“

1

*Næturfjólurnar
anga í kvöldgolunni
Undur hljóðlega
opna ég stofugluggann
og dreg andann djúpt og rótt*

2

*Síðsumarsblómin
sem ég tíndi í morgun
minna á haustið
Þau eru litlaus orðin
líkt og gráu hárin þín*

3

*Hvers vegna ferðu
þegar haustið er komið
Hvers vegna núna
þegar trén skjálfa af ugg
og nóttin að verða dimm*

4

*Lendingarljósín
teygja langa fálmara
að flugvélunum
sem steypa sér niður úr
svörtu næturmykrinu*

Dagný:

Þessi bók, sem hér kemur, hún er soldið merkileg.

Vilborg:

Evropa slutar här. Þetta eru þýðingar Maj Lis Holmberg á fimm íslenskum ljóðskáldum og hún var reyndar líka gefin út á finnsku. Hún er nú látin en hún var mjög góður þýðandi. Maj Lis lærði íslensku hér í Háskólanum og var prófessor í Helsinki. Hún þýddi mikið af íslenskum ljóðum, bæði á finnsku og sænsku.

Dagný:

Og þarna átt þú sem sagt fimmtung af bókinni?

Vilborg:

Já, við áttum ljóð: Ég, Nína, Jóhannes úr Kötlum, Snorri Hjartarson og Hannes Pétursson, minnir mig.

Dagný:

Og þetta er síðasta bókin þín sem kom í fyrra, *Fiskar hafa enga rödd*, og loks höfum við hérna fallega mynd af Bókhöfundstígnum og hér endum við okkar ferð. Við tökum nú kaffihlé í 20 mínútur og eftir hlé tölum við um ljóðin.

HLÉ

Ljóð Vilborgar

Dagný:

Jæja, gott fólk. Velkomin aftur í seinni hluta þessa Ritþings. Í þessum seinni hluta einbeitum við okkur að ljóðum Vilborgar. Og þá ætla ég að biðja Viðar að lesa áður en Guðbergur byrjar.

Þey

mig er að dreyma

ef þú vekur mig

hverfur draumurinn

en ég verð eftir -

Guðbergur:

Ég ætla að halda hér smá fyrirlestur um fagurfræðilegan þátt í ljóðagerð Vilborgar Dagbjartsdóttur. Ég tek aðeins eitt atriði fyrir og það er tilfinning fyrir tíma í skáldskap hennar. Þar sem ég fæ mjög nauman tíma, get ég líklega ekki lesið þetta allt, svo ég verð að fella eitthvað úr og þessi fyrirlestur er aðallega fyrir þá sem þekkja talsvert vel skáldskap eða ljóðagerð Vilborgar.

Það sem við köllum að yrkja er löngun skálds til að láta efnivið vera hvorki of bundinn því sem hefur gerst í veruleikanum og enn síður að hann sé bara í tengslum við samtímann eða upprifjun atburða sem gerir lesandanum færð að endurheimta liðna tíð. Ljóð þannig skálds eru fléttuð orðum sem leyfa huganum að dvelja milli endanleika og hins óendanlega. Svona hefur það verið frá því á tímum rómantísku stefnunnar sem var að miklu leyti byggð á þessu. Þannig er innra líf ljóðsins og hugsun skáldsins ef hvorugt hefur ekki verið fjötrað með bragarháttum. Ljóðagerð Vilborgar fylgir þessu með sjálfráðum ósjálfráðum hætti, einkum sú hlið hennar sem er tilfinningalegs eðlis og ekki beinlínis bundin með svipuðum hætti og myndljóð eða niðurröðun ljóðmynda. List hennar haslar sér völl milli endaleysis og hins endanlega. Í flestum tilvikum fylgir skáldið Vilborg á móta forskrift fyrir tíma þegar hún yrkir, jafnvel þótt hún hafi ekki markað sér stefnu með kenningum.

Í ljóðagerðinni virðist hið endanlega og endaleysið búa hvort í öðru. Líklegast stafar það af meðvitund í æsku um að maðurinn er lifandi vera og þar af leiðandi dauðleg. Hann er einstaklingur og sem slíkur er hann endanlegur og vegna þess að líkaminn deyr en meðan holdið lifir hýsir hann tilfinningar og þrár sem eru engum takmörkunum háð nema með dauðanum. Ljóðagerð Vilborgar fellur að miklu leyti inn í þannig ramma með bókinni *Laufið á trjánum* sem kom út árið 1960. Bókin er frá upphafi til enda harmljóð með því sem ég kalla misbyggingu listaverks. Þá á ég við að engum bragarhætti er algjörlega fylgt en haft hliðsjón af mörgum. Nútímaljóðið er að miklu leyti þannig; það er listræn misbygging. Að vísu fellur ekkert að kenningum eða ákveðnu viðhorfi en hvað eina í verkum skáldkonunnar virðist taka mið af ramma þótt hún yrki ekki eftir reglum ákveðinnar stefnu sem er sniðin þannig að ef henni væri fylgt við lestur yrði auðvelt að skilja hið djúpa innihald.

Stór hluti áhugaverðrar ljóðlistar er utan ramma hugmyndastefnu. Þá á ég ekki við það að þennan hluta sé að finna hjá lesandanum, að hann leggi lokahönd á listaverkið, að án hans væri ljóðið dautt orð sem lesandinn vekur til lífs. Þetta getur ekki staðist nema í þeirri list sem leitar að lesanda í vissum tilgangi. Listin er í raun hvergi nema hjá þeim sem skapar hana. Það, sem gengur út af munni skáldsins, eru eins og í ljóðinu sem var lesið, leifar af list þess og þessar leifar getur hver og einn túlkað. En lesandinn skapar ekkert með sjálfstæðum hætti, ekki einu sinni með túlkun sinni. Túlkun getur ekki vaknað nema eitthvað sé til að túlka. Túlkun er ekki sjálfstæður eiginleiki.

Það er auðsætt hvers vegna Vilborg valdi Jón Óskar til að hafa sér við hönd í fyrstu ljóðabókinni en síðan hvíslar hún sig óstudd inn í veruleikann með því að hefja ljóðmál sitt á þessu orði, „Þey“, sem Viðar las. Það að dvelja í hugblæ, draumnum, því sem hefur ekki enn verið fært í búning orða virðist vera hinn raunverulegi veruleiki ljóðsins. Eftir að ljóðið hefur verið fært í orð verður það tálminn eða að ljóðinu eins og við þekkjum það í læsilegu ástandi, veruleiki í grímubúningi. Út frá þessu gengur Vilborg strax í byrjun. Að draumljóðinu horfnu, verður skáldið eftir með hinu sýnilega ljóði í lestrarbúningi veruleikans. Og veruleikinn er harmsögulegur. Eftir fyrsta ljóðinu að dæma, „Laufinu á trjánum“, deyr Vilborg ekki þegar hún vaknar, þegar hið sanna draumljóð hverfur frá henni, enda ekki á sama máli og spænska harmleikjaskáldið Calderón de la Barca sem uppi var á 17. öld í leikritinu *Lífið er draumur*. Þar segir að ef maður vaknar af draumi þá deyr hann. Þetta hafa síðan skáld endurtekið í ýmsum myndum í tíma og ótíma. Eftir ljóði Vilborgar að dæma deyr skáldið ekki við að vakna, ekki heldur þótt ljóðið hverfi frá því. Í þessu er frumleg hugsun hennar fólgin. Helstu viðfangsefni ljóðanna í langa harmljóðinu „Laufið á trjánum“, sem nær yfir 20 síður, er leynd, kvíði, sorg, ótti við að verða yfirgefin, þreyta, bið, glæpur. Og hún segir: „Þegar þjáningin ristir brjóst mitt verður mér fyrst ljóst hve stór gleði mín gæti verið“. Þjáningin virðist því vera forsenda fyrir því aðeins hugsanlega, það er að segja gleðinni. Gleðin finnst við samanburð: „Hún [hamingjan] kom til mín sveipuð svartri blæju“. Og hamingjan segir við Vilborgu: „Þú mátt sofa barnið mitt“. Þannig fléttast von og óvon og biðin einkennir ljóðið „Kvöld“: „Þar sem ég ligg og bið eftir vorinu og að mér batni, ég hlusta og hugsa hvort guð sé ennþá til.“

Þannig heldur þetta áfram á svo fínlegan hulinn hátt að lesandinn kemur eflaust ekki auga á harminn. Skáldkonan blekkir skilning lesandans til þess að fela sig í djúpinu í lesandanum, sjálfri sér. Vegna þess að skáldið er á margan hátt lesandi. Í ljóðinu „Glæpur“ segir hún: „... blóðið söng í æðunum og fyllti líkamann vori. Þá kom hann með glóandi töng og sleit úr mér hjartað og kastaði því kviku. Blóð mitt sem áður söng drýpur úr sárinu“. Í ljóðinu „Hver getur ort?“ stendur: „Þið spyrjið: Hvers vegna yrkir þú ekki um gleðina?... Vorið kom í gær ...“ Og svarið og skýringin er þetta: „... erlendir hermenn hlæja fyrir utan ...“ Þetta er dæmi um kalda stríðið sagt óbeinum orðum. Skelfingin felst í mótsögn, hlátri og gleði hermanna. Og í ljóðinu sem er framhald eins konar, ljóðinu „Vor“, hallar skáldkonan að höfði vinar síns og segir: „Veist þú, er líka helryk í Jónsmessunæturdögg?“

Ljóðabókin *Laufið á trjánum* hófst á hinum margræða orði „Þey“ eins og skáldkonan biðji lesandann að segja ekkert, lesa ekki, heldur hlusta. Og hafið nú hugstætt það sem hún sagði um Einar Braga. Og bókinni lýkur á „Nú haustar að“ en margræði ræður þar líka löndum. Í sameiningu þess að koma og fara. Prestirnir koma til að tína reyniber áður en þeir fara í langferðina. Og til að gera málið flóknara koma þeir ekki með haustinu og haustið er ekki dapurlegt vegna þess að lítil börn koma með það í skólatöskum. Börn koma með haustið. Fyrir bragðið er það tákn fyrir æsku; það er gleðitíð eins og veturinn hjá rússneska skáldinu Pushkin. Til að fegra veturinn lætur Vilborg frostið fegra, „... vefa fingerðan rósavef á rúðuna“. Með þessari aðferð einfaldleika í orðum getur ýmislegt farið fram hjá lesandanum. Allt er of einfalt til þess að hægt sé fyrir hann að taka við ljóðmálinu í skyndi. En hann fær reyndar talsvert með því einu að sjá yfirborðið.

Í ljóðabókinni *Kyndilmessa* eru auk frumsaminna ljóða, þýðingar Vilborgar á ljóðum sem einkennast af ugg. Fyrir bókinni standa ekki lengur þessar ljóðlínur Jóns Óskars: „Ég hef setið undir trjánum og hugsað um lauf sumarsins og undarlegt líf þeirra.“ Nú eru orð fengin frá almættinu í Mósebók sem er þannig: „Þá sagði Guð: Verði ljós! og það varð ljós.“ Vilborg er ættuð úr þorpi en fylgir ekki því sem hjá öðrum þjóðum var kallað nýraunsæi og Jón úr Vör varð með *Þorpinu* helsti fulltrúi fyrir hér og næstum hlutgerði orðin, stundaði naumhyggju eins og það er kallað. En þetta virðist ekki hafa heillað skáldkonuna.

Hún fylgir einlægnistefnu, ljóðið er faðmlag og segir: „Segðu mér eitt-hvað sem enginn veit nema þú, hvíslaðu að mér því sem enginn má heyra nema ég“.

Þetta var í andstöðu við sögutímann, þegar *Laufið á trjánum*, *Dverg-liljur* og *Kyndilmessa* sáu dagsins ljós. Þá áttu skáld ekki að hvíslast á heldur vera í háværum samræðum, veita ádeilu. Vegna ástandsins, innanlands og utan-, var nauðsynlegt að taka þátt í stormi tímans. En Vilborg gerði það ekki beinlínis í ljóðum sínum. Aftur á móti var framkoman sú að hún beitti sér í þágu samfélags og stjórn mála. Fram komu hæfileikar til að aðgreina, færa ljóðinu sérstakt ljóðmál, færa fjölskyldu og börnum fæði og þjónustu og veita börnum ókunnugra fræðslu og kennslu og þjóðinni pólitískt starf. Hún var á vissan hátt eins og segir í ljóði Sigfúsar Daðasonar: „Menn búa í húsum, hús búa í mönnum“. En hún hefði aldrei sagt: „Hús og menn farast hjá“, heldur: „Hús og menn stangast á stundum að vísu, en þrátt fyrir það búa menn í húsum og hús í mönnum, en hús og menn heilsast alltaf innilega með því að húsin taka ofan þökin fyrir konum og körlum og konur og karlar hatta sína fyrir húsunum“. Er þessi hæfileiki Vilborgar persónueinkenni en ekki beinlínis kvenlegur.

Bæði innlendir og útlendar skáldkonur hafa harmað það að ekkert sérherbergi hafi verið til fyrir þær. Jakobína Sigurðardóttir og Virginia Wolf til dæmis en Vilborg á innra með sér ótal vistarverur og í ljóðinu „Leyndarmál“ í *Laufinu á trjánum* er viss ljóðræn hræðsla við sameiginlegan dvalarstað. Þar stendur: „Ég bý yfir leyndarmáli sem ég fel vandlega líka fyrir þér vinur minn. Þetta leyndarmál er sannleikurinn um lífið og mig.“ Ekki hefði söngvarinn Eggert Stefánsson tekið þannig til orða í ævisögu sinni *Lífið og ég*. Er þetta sá munur sem er á söngvurum og skáldkonum? Í lok ljóðsins segir skáldkonan: „Ég held áfram að látast fyrir þér vinur minn því ég er hrædd.“ Hún kemur fram grímuklædd, dálítið í anda portúgalska skáldsins Pessoa í ljóði sem Málfríður Einarsdóttir þýddi þannig: „Skáldinu lætur að látast“, en hjá Vilborgu er feluleikurinn ekki í vínflöskunni eins og hjá Pessoa sem átti bara sitt eigið útland.

Í ljóðinu „Undur“ hefur Vilborg útland í huga. Vorið, það er kraftaverk um nótt og spurt: „Kom það í dúnlétu skýi utan úr blámanum“.

Þetta minnir á fæðingu þegar börn spyrja móður sína: „Hvaðan kom barnið?“ Þannig fæðist skáldið með undursamlegum hætti. Ljóð sem heitir „Undur“ og það fjallar um undur. En skáldkonan þekkir ekki svarið nema að vissu leyti. Hinn ytri veruleiki gerðist meðan ég svaf, í veruleika sínum, draumi og sá veruleiki skiptir listina meira máli en veruleikinn sjálfur. Þetta sérstaka vor kom aðeins einu sinni og það hvarf eins og vorin gera, en ljóðið um það lifir. Á listin þá lengra líf fyrir höndum en einkennir náttúruna? Færa ljóðin veruleikanum vissa tegund af eilífð með því að svipta hann einkennum sínum? Stendur veruleikinn í þakkarskuld við skáldið og listina?

Í ljóðinu „Páskalliljur“ í ljóðabókinni *Dvergilljur* kemur vorið aftur á móti, þrátt fyrir allt. Skáldkonan er þá stödd í heimalandi sínu. Þar er meiri hæggangur í náttúrunni. Þetta er dæmi um tvenns konar hraða í ljóðagerð Vilborgar Dagbjartsdóttur. Minni frá *Bíblíunni* koma líka fram í tengslum við tíma, hraða og kyrrð. Í ljóðinu „Vetur“ varð máninn kyrr en því fylgir ekki sigur eins og þegar sólin nam staðar yfir Jerikó. Það, að máninn stóð kyrr, er ekki tákn um annað en listrænan sigur, myndrænan, fagran. Vilborg kann að nota *Bíblíuna* á frumlegan máta og það er sjaldgæft hér á landi. Vilborg segir sjaldan frá berum orðum, hálfsegir ekki heldur, en vekur löngun hjá lesandanum til að segja sjálfum sér með skynjun að hann megi ekki ráða bara í merkingu ljóðsins heldur leiti hann að eigin merkingu. Hvað eftir annað hvarflar að manni við lestur ljóða hennar, að í ljóðagerð sé merkilegra það sem skáldið felur en það sem það segir berum orðum, af því í listum sé leitinn meira virði en fundur. Fyrir bragðið er Vilborg lítið fyrir að vera kennslukona í ljóðum en kennslukonan hefur verið að þvælast fyrir skáldkonunni í hugum annarra. Sjálf fer hún bil beggja. Hún er aldrei starfandi kennslukona í skáldskapnum. Hún veit að skáldin vita og vita ekki og að ljóð er aðstoð, ljóð eru hjálpartæki fyrir aðra.

En hvað hef ég verið að segja? Ég veit að ef einhver reynir að skilgreina skáldskap hefur hann á röngu að standa en þannig kemst hann nálægt innihaldinu. Til eru ótal aðferðir við það að nálgast eða flýja ljóð og veruleika þess. En verði ljós sem leggur veg til ljóða Vilborgar Dagbjartsdóttur.

Dagný:

Mikið var þetta fallett. Við tókum kannski þræði úr þessu innleggi

þínu, Guðbergur, og þessum fyrirlestri á eftir en höldum áfram. Það er þá Soffía sem tekur við núna en áður en hún byrjar ætlar Steinunn að lesa fyrir okkur ljóðið „Draumur“.

Mér þótti ég stödd á eyri eða nesi. Lá vegur af eyraroddanum austanverðu á ströndinni en efra tóku við klettabelti. (Aldrei hef ég hvorki í svefni né vöku séð útyflislegra landslag.) Gekk ég sem leið lá norður tangann með hafið á aðra hönd en hamravegginn á hina. Sá ég þá hvar maður kom á móti mér í nokkurri fjarlægð. Þegar hann nálgast sá ég að þetta var karlmaður, mikill vexti, klæddur stuttum, gráum stakki með dökkan hatt, slútti annað barðið svo það huldi nær hálfu andlitið.

Svo þröngt var á einstiginu að ég straukst við hann þegar við mættumst og um leið laust því í hug mér sem eldingu hver hann var. Kallaði ég þá til hans, því ég þóttist eiga við hann margt vantalað.

Hann snögg stansaði, vatt til höfðinu, og undan hattbarðinu glitti í auga logandi af girnd.

Rann þá upp fyrir mér að jafnvel Óðinn sjálfur á ekki nema eitt erindi við konur. Og ég sem hélt ég væri skáld - mér tókst að hrista af mér svefninn og komst yfir í vöku - í sál minni brann reiðin.

Kvenlegt sjónarhorn

Soffía Auður:

Þegar Dagný var að rekja ævi þína með myndum þá sáum við hvernig ljóðin þín eiga þennan tilvísanaheim sem er ævi þín. En svo er líka til annar tilvísanaheimur, það er að segja aðrar bókmenntir eða aðrir textar. Stundum er talað um textatengsl í þessu sambandi. Þú yrkir gjarnan eða notar þennan tilvísanaheim. Við höfum minnst á Bibliúna; við getum minnst á íslenskar fornþókmenntir og aðrar heimsþókmenntir og goðsögur eins og kom fram í þessu prósaljóði hérna. Oft finnst mér þessi textatengsl þín tengjast kvennabaráttu eins og í þessu ljóði. Mig langar að byrja á að spyrja þig, Vilborg: Hvað áttirðu vantalað við Óðin í draumnum?

Vilborg:

Það, sem væri náttúrlega fyrst og fremst rætt við Óðin, er skáldskapurinn. Ég hef saknað þess alla tíð, svo lengi sem ég man, að það er ekki rætt mikið, eða var ekki rætt, um skáldskap við stelpur eða ungar stúlkur. Að vísu hafði ég hitt skáldkonu; það var skrýtin kona í sveitinni, á Norðfirði, sem hét Gunna Ólafs og varð skáld þegar hún var fertug. Hún kunni ekki að lesa en andinn kom yfir hana og þá sagði hún við húsmóður sína: „Veiga, Veiga, skrifaðu kona. Nú er andinn yfir mér“. Svo orti hún ljóð eins og þetta: „Með bólgna öxl og handleggi, gengur hún að vinnunni, alltaf er hún skyldug til að raka fram í andlátíð“.

En skáldskapurinn var ákaflega mikið eign karlmanna og ég vildi nú aðeins búa mig undir þennan dag og ég tók fram þriðja hefti *Tímarits Máls & menningar* 1952. Þar var greinin hans Sigfúsar Daðasonar, sem hafði geysimikil áhrif á okkur öll, „Til varnar skáldskapnum“, þar sem deilt var um hið nýja ljóðform. Eiginlega varð ég hissa; ég var búin að gleyma hvernig þetta var. Í þessu hefti var ekkert nema eftir karlmenn, ekki vísað í nein verk nema eftir karlmenn. Og það voru karlmenn að skrifa um karlmenn. Halldór Stefánsson átti afmæli og Halldór Kiljan skrifaði um hann, dómar og allt, en aldrei minnst á konur í þessu hefti. Svona var heimurinn.

Guðbergur:

Má ég aðeins, þetta er bara hér á landi vegna þess að margir hafa skrifað greinar sem bera nákvæmlega sama heiti, eins og „Til varnar skáldskapnum“ eftir Edgar Allan Poe og þar kemur ekkert fram hvort það er kyn karla eða kvenna; þetta er bara íslenskt fyrirbrigði. Það þótti mjög frumlegt þegar Sigfús Daðason skrifaði þetta því þá þekktu Íslendingar svo illa bókmenntir. Þetta var svona endursamið; gengið út frá einhverju sem var síðan staðfært.

Dagný:

Þetta var rétt grein á réttum tíma, hún kom fram 1952.

Guðbergur:

Já, fyrir þá sem þekktu illa bókmenntir. En sem sagt; þetta var ekki neitt sérstakt.

Soffía Auður:

Ég held að hún hafi nú passað inn í íslenska bókmenntahefð og kannski voru erfiðir tímar fyrir kvenskáld á þessum tíma. Mig langar að biðja Vilborgu að lesa ljóðið „Erfiða tíma“.

*Nóra litla, hvert ætli þú hafir svo sem getað farið?
Jafnvel þótt þú hefðir tiplað yfir þessi ár
sem eru á milli okkar
biðu þín engin sældarkjör í húsi mínu.
Þér að segja, síst er það betra annars staðar.*

*Það hefur harnað á dalnum
og samkvæmt heilagri venju
bitnar atvinnuleysi ævinlega fyrst á konum
en hafi ég skilið þig rétt
muntu vilja sjá fyrir þér sjálf
á heiðarlegan hátt – Drottinn minn!
Kona með þitt uppeldi
og þessar líka hugmyndir um karlmenn.
Þú gætir kannski reynt að selja sorpriti
ævisögu þína og síðan, ef heppnin er með þér
leikið sjálfa þig í stórmynd.
Nei, góða mín, far þú aftur út í myrkrið.
Fjörðurinn er spegilsléttur og djúpur.
Bráðum kemur tunglið upp fyrir hvíta fjallsröndina
þá verður ratljóst.
Stallsystir þín, Anna Karenina tekur á móti þér
á brautarstöðinn.
Hvílið ykkur stundarkorn yfir tebolla.
Það eru ennþá erfiðir tímar.*

Soffía Auður:

Þarna er ort um Nóru Ibsens og Önnu Karenínu og það eru fleiri svona ljóð, svo sem „Hedda Gabler“. En mig langar að snúa athyglinni að ljóðunum þar sem þú ert að endurtúlka Íslendingasögurnar eða yrkir í orðastað kvenna úr Íslendingasögum og langar að biðja þig í því sambandi að lesa ljóðið „Skassið á háskastund“.

Löðrungar og köpuryrði
allt er gleymt
ó kæri

hérna er fléttan
snúðu þér bogastreng

ég skal brýna búrhnífinn
og berjast líka

bæinn minn skulu þeir
aldrei brenna
bölvaðir.

Soffía Auður:

Annað ljóð úr *Klukkan í turninum*; þar fáum við skýringu á viðurnefni Hallgerðar. Það heitir „Þjófsaugun“. Mig langar líka að biðja þig að lesa það.

Hann færði öllum gjafir
þegar hann kom – líka krökkunum

Móðir hennar tók við gjöfunum
og útteildi þeim

Allir voru ánægðir með sinn hlut
nema hún
sem fékk andstyggilega flík
eitthvað sem kallinum hafði áskotnast
í útlöndum fyrir löngu
En engin hérlend stúlka gengi í slíkri dulu
Krakkarnir stungu saman nefjum
Láfi flissaði:
Gerða fékk langbrók!

Móðir hennar hastaði á þau
en of seint
orðið hékk í loftinu

*og myndi hér eftir loða við hana
eins og slímugur kóngulóarvefur*

*Hvað hún hataði karlfjandann
Þarna sat hann á tali við föður hennar
hvímandi flóttalega út undan sér
litlum rauðsprengdum glyrnum*

*Hún fann kámuft augnaráð hans hvíla á sér
hvert sem hún sneri*

Nú kallaði faðir hennar

Soffía Auður:

Öll þessi ljóð, ljóðið um Nóru og Önnu Karenínu og um Bergþóru og Hallgerði, sýna þetta kvenlega sjónarhorn sem mér þykir vera svo mikilvægur þáttur í skáldskap Vilborgar. Ég er ekkert svo viss um að það sé, eins og Guðbergur vill meina, séríslenskt fyrirbæri að það vanti þetta kvenlega sjónarhorn. Og þetta sjáum við líka þegar þú ert að nota *Biblíuna*. Þegar þú yrkir um Maríu mey. Þú yrkir um konurnar sem koma á páskadagsmorgun til grafar Krists. Þú yrkir um dætur Ísraels í nútímanum og í ljóðinu „Karl og kona“ ertu að velta fyrir þér ólíkum kvenhlutverkum á Biblíulegum tíma, á tíma Jesú Krists. Þegar Guð talar öðruvísi við Jósef en hann gerði við Maríu. Viltu segja okkur aðeins frá því?

Vilborg:

Drottinn talar við Móse sem er þræll, því það var hann, þrælborinn og alinn upp sem þræll en hann fer samningaleiðina og sýnir honum fulla virðingu. Þeir þjarka allan daginn áður en Móse tekur það að sér að verða hans jarl. En Drottinn sendir bara Gabríel til að tala við Maríu. Ekki til að biðja hana neins heldur til að skipa henni. Og María bara lýtur höfði og segir: „Sjá, ég er ambátt Drottins“. Kannski er ég líka að hugsa um að í sköpuninni er konan ambátt. Hún verður að taka við því sæði sem sáð er og rækta það. Það er hennar hlutverk og, ef hún rís gegn því, er hún ekki raunverulega kona. Hún getur verið manneskja og allt það en það er sérhlutverk konunnar að verja hið unga líf.

Dagný:

Það má minna á það sem Guðbergur sagði áðan að þjáningin er forsenda gleðinnar. Að þjáningin og hlutverkið, sem María beygir sig undir, í því felst frelsun okkar. Þannig að við fáum andstæður.

Sælgæti fyrir allt kaupið

Soffía Auður:

Mig langar aðeins að fá að ræða um öðruvísi textatengsl. Vilborg, þú hefur birt tvö ljóð sem ort eru til Jóhannesar úr Kötlum. Mig langar að biðja Steinunni að lesa „Haustkveðja til Jóhannesar úr Kötlum.“

*Móðir okkar fjallkonan
lætur hvítt lín utan um mosasængina
og breiðir yfir karl föður okkar
ég - alþýða systir þín -
les eilífðar smáblóm
við náttskímuna*

*dálítill stjörnuglitrandi daggardropi
fellur á haustgulnað blað*

*ó minnstu þess
ef veturinn verður langur og kaldur
hve heitt ég ann þér - stóri bróðir.*

Soffía Auður:

Þetta eru svo kunnuglegar ljóðlínur. Viltu segja okkur eitthvað um þær?

Vilborg:

Já, ljóðið er allt sett saman annað hvort úr ljóðlínunum eða ljóðaheitum frá Jóhannesi. Við þekkjum nú öll þetta: „Bráðum verð ég fallegur og bráðum verð ég stór“. Og því lýkur á því að hann er stóri bróðir. Eitt kvæði hans heitir „Systir mín, Alþýða!“ og eiginlega eru öll orðin, nema „dálítill daggardropi“, vísanir í Jóhannes.

Soffía Auður:

Hann hefur ort til þín ljóð?

Vilborg:

Já, við Jóhannes vorum mjög góðir vinir og nán. Ég heimsótti hann þegar hann lá banalegu sína á spítalanum.

Soffía Auður:

Mig langar að biðja Viðar að lesa ljóðið „Sjötíu og fimm aurar“ sem Jóhannes orti til Vilborgar og birti í ljóðabókinni *Ný og nið*.

*Tólf barna faðir í mannheimum
kemur heim úr veri
með sjötíu og fimm aura í vasanum.*

*Sex eru dáin úr tæringu
hann kaupir brjóstsykur fyrir aurana
og skiptir honum milli hinna sex
sem eftir eru*

*Seg mér dóttir Dagbjarts:
var það ekki þá
sem faðir þinn sigraði heiminn?*

Vilborg:

Þetta ljóð varð þannig til að ég kom oft á samkomustað bak við Mál og menningu og þar var verið að drekka kaffi. Og það var farið að ræða um kreppuna eins og við gerðum oft þarna kommarnir og þá sagði ég Jóhannesi frá því þegar pabbi kom af vertíð og hafði ekki fengið meira úr bítum en 75 aura. Og á leiðinni keypti hann fimmaurakúlur fyrir allt kaupið sitt og færði okkur þetta. Hann var alltaf ákaflega glaður þegar hann kom heim. Mamma var að baka lummur en hún var dálítið reið yfir því hvernig þetta gekk, þetta var held ég 1938, og þá sagði hún svona: „Þetta kalla ég nú bara að ögra örlögunum. Kaupa sælgæti fyrir allt kaupið!“ Og þá sagði pabbi og hló og tók dansspor og bauð henni upp í vals þarna á eldhúsgólfinu: „En Ína mín, ég skulda ekkert; sumir skulda fæðið sitt!“

Guðbergur:

Er þetta ekki bara dæmi um karlmannlegt ábyrgðarleysi? Á vissan hátt eins og í söngnum „Pabbi minn kæri, komdu með mér heim“.

Vegna þess að hann er á kránni og eyðir öllum peningunum.

Vilborg:

Nei, þetta var allt öðruvísi. Sko, pabbi kom alltaf með gleðina með sér heim. Við sátum fremst á Gránubryggjunni, litlu krakkarnir, og dingluðum fótunum þegar Samvinnubátarnir voru að sigla inn fjörðinn. Þeir voru búnir að vera á vertíð, annað hvort á Hornafirði eða í Keflavík, Grindavík eða einhvers staðar. Við þekktum alltaf pabba bát, þótt Samvinnubátarnir væru allir eins, því það var brot á öðru mastrinu og það var lægra. Þess vegna þekktum við hann snemma, áður en hann beygði upp að bryggjunni. Og pabbi, hann hugsaði fyrst og fremst um að gleðja okkur börnin, alveg sama hversu illa gekk. Hann var einhver glaðasti maður sem til hefur verið í heiminum. Hann var annálaður fyrir það hvað hann var glaður, hann Dagbjartur á Hjalla.

Guðbergur:

En gladdi hann konuna sína?

Vilborg:

Það gerði hann líka. Það skal ég segja þér, Guðbergur, að hún dansaði valsinn við hann þarna á gólfinu!

Hið ósegjanlega

Dagný:

Nú langar mig til þess að biðja Steinunni að lesa fyrir okkur ljóðið „Kyndilmessu“ í heild sinni.

*Þá sagði Guð: Verði ljós!
og það varð ljós*

Mós. 1. 3

|

*Ég vil krjúpa
Ég vil krjúpa
lúta lengra niður*

*alla leið í dýpstu myrkur
fyrir lífsins rauðu sól.*

II

*Orð Drottins kom til mín í stofunni
þar sem ég sat yfir kaffibolla.
Mér varð svo bilt við fyrsta veið
að ég slökkti í sígarettunni.
Vei! sagði Drottinn
þið reisið yndishús í glæpadal
og standið á blístri af ofáti
en heyrið ekki hungurvein Biafra.
Vei! Vei! sagði Drottinn
þið emjið af frygð svo danssalirnir nötra
meðan frelsissöngurinn er kæfður í Kurdistan
og fangelsisveggirnir bresta
undan kvalastununum í Grikklandi.
Vei! Vei! Vei! sagði Drottinn
þið hórur sem veltið ykkur
á hvílubeðjarhægindunum
meðan þungaðar konur
eru ristar á kviðinn í Vietnam.
Þá skrúfaði ég frá hljóðvarpinu
og poppmessan yfirgnæfði karlinn.*

III

*Blessaðir veri fingurnir smáu
hennar mömmu
sem tíndi fífu í mýrinni
Blessaðar veri hendurnar gigtarbólgnu
hennar ömmu
sem snei kveikinn
Blessaður veri hann afi minn
sem smíðaði kolu úr járn
Blessaðir veri frændur mínir
sem bræddu lýsið
Blessað veri fólkið*

sem þreyði í myrkrinu
Blessað veri ljósið
sem logaði á grönnum kveik
örlítill blaktandi týra
í heimskautanóttinni.

IV

Með ljós í hendi geng ég um húsið.
Allt er á sínum stað:
myndin af Lúther
myndin af Lenín
myndin af Maó
og gamla myndin af mömmu
í fermingarfötunum
sem eru orðin of lítil
ermarnar rétta spönn
fram fyrir olnbogann
peysan of stutt í mittið
aftur á móti er slífsið
þeirra tíma nýjasta tízka
breitt með löngu kögri
endarnir sneiddir í odd
ég veit að það er ljósblátt
þótt það virðist hvítt á myndinni
eins og slífsið
sem yngri systir hennar fékk
en mömmu langaði svo til að eiga
(í þá daga fengu menn ekki
það sem þá langaði til að eiga)
hárinu er skipt í miðju
og túperað í stórar búklur
aftur yfir eyrun
þykkar jarpar fléttur
ná í beltisstað
myndin er byrjuð að fölna
hægt máist þessi elskaða mynd út
uns hún hverfur
ég ætti að vefja hana inn í svart silki

og loka hana niðri í kassa
þar sem birtan nær ekki að tæra hana
geyma hana í læstu hólf
geyma geyma geyma

ó gamlar myndir
í dimmum hugarfylgsnum
ljós hef ég kveikt
ljós í hverju skoti
ljós í leyndustu sálarkimum

með ljós í hendi geng ég um húsið.

V

Anna Akhmatova
stendur þú hér alein
í tungsljósinu
og grætur?

Það hefur slokknað á kertinu þínu.
Ég skal kveikja á því, kæra Anna.
Við skulum syngja sálumessu fyrir Lenín
Við skulum syngja sálumessu fyrir Stalín
Við skulum syngja sálumessu
öllum
sem féllu í þeirra nafni.

Við skulum biðja fyrir þeim
sem dóu úr sorg.

Dagný:

Þetta er mikill ljóðabálkur, Vilborg. Mig langar fyrst að spyrja um titilinn.
Hvað er kyndilmessa?

Vilborg:

Kyndilmessa er 2. febrúar og er hreinsunardagur Maríu. Þá var vígt
ljósmeti til kirkjunnar og í kaþólskum sið var siður að ganga með ljós

um kirkjuna og jafnvel farið út í kirkjugarð til þess að fara með ljós til þeirra sem dánir voru. En á Vestdalseyrinni kom sólin fyrst 1. febrúar að Fossi sem var efsti bærinn miðað við fossklettana. Svo komu Hjallaklettarnir og á Hjallanum stóð húsið okkar og þar skein sólin ef veður leyfði, tvær mínútur á húsið okkar, 2. febrúar á sjálfri kyndilmessu. Og þá stóðum við öll á tröppunum böðuð í sólskini. Af því húsið stóð svona hátt þá sáu náttúrlega allir þar sem við stóðum í sólskininu. Og síðan var sólarkaffi. Það er stutt síðan Seyðfirðingar héldu sólarkaffi því sólin kemur ekki fyrir en í lok febrúar niðri í bæ því fjörðurinn er svo þröngur. Kemur í skörðin milli Gullþúfunnar og Strandatinds og skín á húsið okkar.

Dagný:

„Kyndilmessa.“ Ljóðið er byggt upp, sagðirðu í viðtali við Silju Aðalsteinsdóttur, eins og kaþólsk messa í fimm hlutum.

Vilborg:

Já, ég hugsaði þetta sem eins konar messu. Bókin hennar Önnu Achmatovu, um hörmungar sem fólkíð gekk í gegnum eftir byltinguna í Rússlandi og þær ofsóknir sem listamenn sættu, heitir *Sálumessa*. En það voru margir hneykslaðir á að ég skyldi tala þarna um Lenín og Stalín. Sko, það er ekkert hægt að kenna Stalín einum um hlutina, það er ekki hægt. Við getum ekki bara sagt: „Við vissum ekki þetta og við vissum ekki hitt“. Þannig er það ekki og maður hlýtur, hafi maður unnið að einhverju og trúað á eitthvað, þá gengur maður ekki frá því og segir: „Ég var ekki svona“, þannig er það ekki. Maður verður að lúta í duftið og skilja hlutina og þora að tala um þá því það breytist ekkert í heiminum. Engin bylting hefur endað á öðru en því að éta börnin sín. En, ef við lærum af byltingunni og þorum að horfast í augu við það sem gerðist, þá skilar hún okkur miklu.

Dagný:

En við Steinunn, Steinunn er nefnilega kaþólsk en ekki ég, við vorum að reyna að lesa „Kyndilmessuna“ í ljósi þessarar byggingar sem þú varst að tala um. Vegna þess að í upphafinu er Guð lofaður, svo kemur orðþjónustan, orð Drottins, þar sem hann segir: „Vei“ og fordæmir lífshættina. Svo kemur altarisþjónustan eða sakramentin, blessun og þökk og helgunarbætur og berging og lok og friðarkvæði. Okkur finnst

að ljóðið sé hægt að lesa inn í þennan helgisiðahring. Var það það sem þú vildir?

Vilborg:

Já, það er líka hugsað þannig, vegna þess að ég var náttúrulega í Landakoti þótt ég væri rekin þaðan. Þeir trúðu því, bæði séra Hack- ing og séra Habets, að ég færi til helvítis vegna skoðana minna; það var einlæg trú þeirra. Þeir voru góðir munkar og séra Frans Ubaghs var náttúrulega sér á parti og hann efaðist ekki um að ég færi til helvítis og sagði að það væri ábyrgðarhluti að hafa mig stundinni lengur; ég mætti vera fram yfir próf því það var ekkert hægt að fá annan kenn- ara. Og þetta var allt af því að ég las upp ljóð. Þetta var afskaplega stór dagur í mínu lífi; róttækir stúdentar áttu 20 ára afmæli og héldu upp á það í Lídó og fengu mig og Þorstein Ö. til að lesa ljóð. Þetta kom í *Þjóðviljanum* og séra Frans Ubaghs, sem var skólastjóri, kallaði mig fyrir og spurði hvort ég væri að lesa fyrir kommúnistana og ég sagði honum eins og var. Hann fór náttúrulega að predika soldið yfir mér. Þá sagði ég við hann og vitnaði í Rubaiyat: „Ó, þú sem skópst úr svarðar sora mann og sjálfur leiddir nöðru í Edens rann.“ Erindið endar á þessu; „Fyrirgefið báðir, þú og hann.“ Hann varð svo reiður að hann varð eldrauður. Og svo stökk hann upp og sagði: „Ætlar þú að segja að Guð þurfi að biðja okkur mennina fyrirgefningar?“ „Já“, sagði ég, „mér finnst það; mér hefur alltaf fundist þetta. Ég hef aldrei trúað á helvíti og lít svo á að það sé margt sem Guð þurfi að biðja mig fyrirgefningar á.“ Og þá sagði hann að ég færi beint til helvítis.

Guðbergur:

Þetta hafa verið skrýtnir munkar.

Dagný:

Ég segi það, þetta er ekki sérlega kristilegt hugarfar!

Guðbergur:

Þetta er eiginlega lútersk-kaþólska.

Vilborg:

Þetta voru Hollendingar!

Guðbergur:

Yfirleitt reyna kaþólskir heldur að snúa mönnum til kaþólskrar trúar en að dæma þá beint til helvítis. Til dæmis ljóðskáldið Paul Claudel sem skrifaði André Gide mörg hundruð bréf í 50 ár til að snúa honum frá lúterskri trú til kaþólskrar og eftir hálfra öld gafst hann upp. En þessir hafa gefist upp eins og skot.

Dagný:

En í *Kyndilmessu* eru sterkar andstæður milli myrkurs og ljóss og dauða og lífs og tómlætis og ástar. Sterkar andstæður, barokkandstæður, en að öðru leyti einkennist ljóðið af endurtekningum sem eru undurfallega notaðar í klifum eins og „blessaðar veri“. Þú segir í þessu sama viðtali við Silju, sem ég vitna oft í, sem er undurfallegt og birtist í *Tímariti Máls og menningar*, að endurtekningin skapi jafnvægi í textanum. Þú segist alltaf vera að leita að jafnvægi í textanum og þess vegna skrífir þú textann upp aftur og aftur og þá komi endurtekningarnar inn.

Vilborg:

Þetta er líka undir áhrifum frá Snorra Hjartarsyni. Ég er afskaplega hrifin af Snorra og hann yrkir um grasið: „Blessað veri grasið sem grær yfir allt“.

Dagný:

Hluti af innihaldinu er líka sefjandi eða róandi og helgisiðauppbygging á ljóðinu. En í mörgum ljóðum þínum talar þú um ljósið og myrkrið og tvitogið milli ljóss og myrkurs. Maður skynjar návist dauðans í ljóðunum. Bæði sem dauðaótt og sem dauðaprá eða dauðahvöt og jafnvel eins og sekt yfir að hafa ekki dáíð. Við sáum í upphafi myndirnar af systkinum þínum sem öll hurfu í burtu fyrir þritugt.

Vilborg:

Þau voru nú yngri. Systur mínar voru 15 ára, 20 ára og 24 ára. Jóhann var tuttugu og eins. Og svo dóu tveir bræður mínir litlir; annar þegar ég var lítil og hinn áður en ég fæddist. En það er ekkert launungarmál að mér fannst í raun og veru að ég hefði verið skilin eftir. Ég var líka raunverulega skilin eftir; þau fóru öll á spítalann og dóu og voru svo grafin. Ég gat ekki farið við jarðarfarirnar. Ég var berklaveik þetta ár

og lá heima og ég var alein. Og mér fannst náttúrliga ég vera beinlínis skilin eftir.

Dagný:

Það er stundum talað um að þeir sem lifðu af helförina finnist þeir verða að segja frá því sem þeir samt sem áður geti ekki sagt frá; segja frá því ósegjanlega. Og það má segja sem svo að þá séu menn að gera sig virka í sambandi við reynslu sem þeir þurftu að þola sem óvirkir þegar hún átti sér stað. Sem sagt taka vald yfir reynslunni.

Guðbergur:

Það er talsvert algengt að barn verði fyrir þeirri reynslu. Að barn hefur dáið áður en einhver einstaklingur fæðist og síðan fær sá sem lifir nafn þess sem deyr. Þetta er þekkt í ljóðagerð erlendra skálda, að þá hvílir einhver sektarkennd gagnvart þeim sem dó. Þá eiginlega heldur sá látni áfram að lifa í þeim sem lifir eða ber nafn hans en um leið deyðir hann nafna sinn að einhverju leyti tilfinningalega séð.

Dagný:

Þetta finnst mér grunntónninn í „Kyndilmessu“.

Guðbergur:

En það góða við Vilborgu er að hún yfirvinnur; hún er ekki með neinar játningar. Hún færir þetta upp á vitsmunalegt stig. Hún notar ekki eigin nöfn en eins og ég hef talað um þá skín harmurinn í gegn alveg frá upphafi bókarinnar til enda. Það er eiginlega ekkert annað dæmi um þetta í íslensku ljóðagerð að fyrsta orðið í ljóðabók sé „Þey“ og síðan haldi harmurinn áfram, án þess að þess sé getið hver ástæðan er fyrir harminum.

Dagný:

Þetta „Þey“ minnti mig á Völuspá.

Guðbergur:

Hún varar sig á að láta þetta ekki verða ævisagnakennt vegna þess að hún er of mikill listamaður til þess.

Dagný:

Samt sem áður hefur verið vitnað í Rainer Marie Rilke sem sagði:

„Ljóðið er ekki tilfinning heldur reynsla“. Og ég held að við höfum séð hvernig reynslan úr ævi Vilborgar kemur inn en er upphafin í ljóðunum.

Guðbergur:

Já, hún notar til dæmis föður sinn; hún notar aldrei nafn hans heldur „faðir“ og um leið er þetta orðið algilt ljóð hvar sem er. Ef hún myndi nota „Guðmundur“ eða „Jón“ þá myndi hún binda það við ákveðinn mann eða ákveðinn atburð.

Listamaður orðsins

Dagný:

Mig langar til að biðja Vilborgu að lesa fleiri ljóð sem sýna, sem hefur komið fram hjá okkur öllum, að Vilborg er mikill listamaður orðsins og fylgir þeirri reglu módernista og imagista að velja alltaf nákvæmt orð, ekki orð sem hittir við hliðina á, ekki orð sem er bara til skrauts, heldur segja nákvæmlega það sem hún, skáldið, vill segja. Mála myndir sem eru skýrar. Og mig langar að hafa þetta mín lokaorð en mig langar jafnframt að biðja Vilborgu að lesa fyrir okkur ný ljóð sem enginn hefur heyrt fyrr en þið núna.

Vilborg:

Ég ætla að taka tvö ljóð og kannski líka sýna ykkur að ég er ekkert harmþrungin eða buguð kona jafnvel þótt aldurinn færir yfir. Fyrri ljóðið, sem ég les fyrir ykkur, er einmitt um þetta þegar ellin er að kveðja dyra og það heitir „Hljóðlega“:

*Hljóðlega gengur hauströkkrið
í hús mitt.*

*Eins og gömul amma
á sauðskinnsskóm
í svörtu klæðispilsí
með mórennda svuntu.
Grá hyrnan krossbundin.*

*Hún á sæti í horninu
við herbergisgluggann.*

Taktfast stígur hún rokkinn sinn.

*Spunahljóðið
rennur saman
við umferðarniðinn
utan úr borginni.*

*Síkvik
hjúfrandi
kyrrð
umvefur
allt.*

Og svo „Þrjár aspir“:

*Aspir nágrannans
standa á lóðamörkunum
þrjár saman
eins og hliðverðir himinsins.*

*Í sumar voru þær svo limprúðar.
Nú hafa haustvindarnir,
í ofsafengnum faðmlögum sínum,
tætt af þeim laufskartið.*

*Kviknaktar vefja þær
hver aðra örmum
og vagga sér þokkafullt
í hægum andvara síðdegisins.*

*Þegar kvöldar
slöngva þær
þéttriðnu neti
uppi dimmblátt
himindjúpið.*

*Fáeinar stjörnur
glitra eins og maurildi
í svörtum möskvunum.*

*Og nóttin kemur
með fullan mána
vaðandi í skýjum.
Hann flækist í netinu
brýst um
eins og stórhveli
slítur sig lausan
slangrar burt
dragandi skýjatjásurnar
á eftir sér.*

Dagný:


Ég er mjög hrædd um að við séum búin með tímann en ef einhver hefur eina eða tvær brennandi spurningar til Vilborgar þá er tækifæri núna. Það er farið!

Gerðuberg býður ykkur öllum upp á léttar veitingar hérna frammi og ég þakka ykkur innilega fyrir komuna og fyrir að hafa verið fullkomnir áheyrendur. Takk.



Umbrot og hönnun / Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2011

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð